

# Fundargerð keppnisráðs AKÍS í rally

Fundur haldinn 15. júní 2022 á Zoom kl. 19.30

Mættir Aðalsteinn Símonarson BÍKR, Baldur Haraldsson BS, Sigurður Arnar Pálsson AIFS og Tryggvi M Þórðarson KK.

---

## 1. Óviðkomandi umferð á sérleiðum

Ábendingar hafa borist frá keppendum og öðrum varðandi viðbrögð keppenda þegar truflun verður á akstri á sérleið vegna annarrar umferðar. Ákveðið var að ráðið sendi frá sér eftirfarandi:

*„Keppnisráð AKÍS í rally beinir því til ökumanna að verði þeir varir við umferð óviðkomandi á sérleið þá stoppi þeir í öllum tilfellum og reyni að afstýra þeirri hættu sem skapast getur. Sé öryggi tryggt með því að óviðkomandi hafi farið af veginum, skal það metið í hverju tilfelli hvort óhætt sé að halda áfram keppni á leiðinni.*

*Reglur fyrir rally gefa dómnefnd möguleika á að leiðrétta tíma áhafna sem verða fyrir truflun á akstri á sérleiðum. Slíkt er líklegast að mögulegt sé ef fyrir liggja sannanir fyrir töfum, s.s.*

*myndbandsupptökur. Því eru áhafnir hvattar til að vera ávallt með myndbandsupptöku í gangi á sérleiðum.“*

## 2. Reglur fyrir eindrifsflokk

Bætt var við tveimur nýjum flokkum í vetur, 1.000 sm<sup>3</sup> og 1.400 sm<sup>3</sup> eindrifs, en ekki er búið að fullvinna reglur fyrir flokkana.

Ákveðið að stefna á að hafa reglur tilbúna í lok árs.

## 3. Reglur fyrir „Ísland GrN“

Núverandi reglur renna út í lok þessa árs. Rætt að reglur sem settar verða um um bíla þurfi frekar að leyfa meira en minna til að auka líkur á þátttöku með þeim bílum sem til eru í landinu. Farið verður í að skoða reglur sem gilda í nágrennalöndunum og meta hvort hægt sé að styðjast við þær að miklu eða öllu leyti.

## 4. Önnur mál

**Tímatökubúnaður** – Baldur er búinn að vera í samskiptum við BH varðandi íslenskan tímatökubúnað. Svo virðist vera sem ekki sé mikill áhugi hjá þeim sem hanna og smíða búnaðinn til að nota hann í sérleiða rally. Ákveðið að beina því til formanna klúbbanna að leita mögulega annarra leiða til að útvega sem fyrst sérhæfðan tímatökubúnað.

**Samskipti við Umhverfisstofnun** – Nýr framkvæmdastjóri AKÍS hefur hafið samtal við Umhverfisstofnun og Umhverfisstofnun varðandi keppnishald á vegum innan þjóðgarða og friðlanda.

Næsti fundur 29. júní kl. 19.30.

Fundi slitið kl. 20.59

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Símonarson